

handa gerðarþolanum Árna Ólafssyni & Co. hæfilega tiltekin kr. 3.000.000.00, en til handa Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar kr. 500.000.00. Hefur gerðarbeiðandi, eins og áður segir, þegar lagt fram gilda tryggingu fyrir kr. 500.000.00 af heildartryggingunni.

Málskostnaður í lögbannsmáli þessu verður látinn falla niður, enda má ætla, að málskostnaðarkröfur komi fram í staðfestingarmáli lögbanns og verði þar dæmdar.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögbannsgerð skal fara fram samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á ábyrgð hans gegn tryggingu af hans hálfu, þannig: kr. 3.000.000.00 vegna lögbanns á hendur Árna Ólafssyni & Co. og kr. 500.000.00 vegna lögbanns á hendur Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 30. maí 1969.

Nr. 199/1968. **Efnagerð Reykjavíkur h/f**
(Þorsteinn Júlíusson hdl.)

gegn

H/f Eimskipafélagi Íslands
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara: Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1968 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 214.750.28 ásamt 8% ársvöxtum frá 7. nóvember 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það eru eigi upp komin slík mistök af hendi stefnda, sem berum orðum hafði undanþegið sig ábyrgð á bruna, að honum verði dæmt áfall í máli þessu. Samkvæmt þessu og að öðru með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Efnagerð Reykjavíkur h/f, greiði stefnda, H/f Eimskipafélagi Íslands, málskostnað í Hæstarétti, kr. 30.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 18. október 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þessa mánaðar, hefur Efnagerð Reykjavíkur h/f, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóm-inum með stefnu, útgefinni 5. desember 1967, gegn H/f Eimskipafélagi Íslands til greiðslu á kr. 214.750.28 með 8% ársvöxtum frá 7. nóvember 1967 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins. Til ýtrustu vara hefur stefndi krafizt þess, að stefnukröfurnar verði lækkaðar til verulegra muna.

Málsatvik eru þau, að hinn 30. ágúst 1967 varð mikill eldsvoði í vörugeymsluhúsi stefnda í Borgarskála. Tveir af fjórum vöruskálum, nr. 2 og 4, brunnu ásamt þeim vörum, sem geymdar voru í þeim skálum.

Stefndi hafði annazt flutning fjögurra vörusendinga fyrir stefnanda frá Evrópu til Íslands á sumrinu 1967. Hafði hin fyrsta þeirra komið til landsins hinn 21. júní 1967, önnur sending komið 6. ágúst 1967, hin þriðja 14. s. m. og hin síðasta 26. sama mánaðar. Stefnandi hafði ekki sótt vörur þessar til stefnda, er framangreindur eldsvoði átti sér stað. Með bréfi stefnda til stefnanda, dagsettu í september 1967, skýrir stefndi frá því, að allt frá því er umræddur bruni hafi átt sér stað, hafi starfsmenn stefnda

unnið sleitulaust að því að sannreyna, hvaða vörur hafi verið í hinum brunnu skálum og hverjir væru skráðir móttakendur þeirra á farmskrám félagsins. Er þess getið í bréfinu, að því tímafreka starfi væri þá að mestu lokið. Að sögn stefnda hafi þessi rannsókn leitt í ljós, að framangreindar vörusendingar stefnanda hafi strax eftir komu þeirra til landsins verið skipað í land hér og fluttar inn í Borgarskála nr. 2 og 4, en við brunann hafi þær brunnið til kaldra kola. Var eftir því óskað af hálfu stefnda, að stefnandi framvísaði og afhenti honum frumfarmskírteini hans yfir vörurnar í þeim tilgangi, að stefndi gæti afhent stefnanda brunavottorð gegn greiðslu áfallins kostnaðar af vörunum, sem stefnandi gæti þá framvísað til váttryggjanda vörunnar.

Í bréfi stefnanda til stefnda, dagsettu 7. nóvember 1967, tilkynnir stefnandi, að umræddar vörur hafi ekki verið váttryggðar af hans hálfu. Gerði hann kröfu til þess, að stefndi greiddi honum andvirði umræddra vörusendinga, þar sem stefnanda bæri að afhenda vörurnar, en ella andvirði þeirra, ef þær hefðu farizt í vörugeymslum hans.

Stefnandi hefur mótmælt því sem ósönnuðu, að umræddar vörusendingar hans hafi brunnið í eldsvoðanum. Stefndi hafi ekki fært að því nægar sönnur, að vörurnar hafi við komu þeirra til landsins verið settar í Borgarskála, og þá sérstaklega í ákveðinn skála. Byggir stefnandi kröfur sínar í málinu á því, að þótt svo hafi verið, að vörurnar hafi brunnið, þá beri stefndi ábyrgð á þeim gagnvart stefnanda sem geymslumaður þeirra. Stefndi hafi auk flutningastarfsemi sinnar rekið vörugeymslur. Sú starfsemi hans sé rekin gegn fullu gjaldi, og er hún óháð flutningaskyldum hans. Flutningasamningi stefnda og vörueiganda ljúki við komu varanna í geymslurýmið, en þá hefjist nýtt réttarsamband millum þeirra um geymslu varanna. Engin mörk séu um lengd geymslutímans, og heldur stefnandi því fram, að engar vörusendingar hans liggi óeðlilega langan tíma í vörugeymslum stefnda. Af þessu leiði, að stefnandi mátti treysta því, að vörugeymslur stefnda væru öruggar og að stefndi mundi greiða vörurnar að fullu, ef þær skemmdust eða misfærust í vörugeymslunni, af hvaða ástæðum sem væri. Einhliða yfirlýsing stefnda um það, að hann taki ekki ábyrgð á vörum í vörugeymslu sinni, geti ekki leyst hann undan því að skila vörunum til vörueiganda eða andvirði þeirra.

Telur stefnandi og, að brunavarnir hafi ekki verið fullnægjandi í vörugeymslunni. Ekki hafi verið nægjanlegt að hafa eingöngu

slökkvitæki, heldur sé nauðsynlegt að fyrirbyggja útbreiðslu elds með því að hafa einhver skilrúm í svo stórum skálum sem hér um ræðir.

Þá verði að telja það vanrækslu af hálfu vaktmanns þess, er á staðnum var, að hafa ekki orðið eldsins var, fyrr en löngum tíma eftir að hann kom upp, en af þeim sökum megi ætla, að tjón hafi orðið meira.

Eigi stefnandi því kröfu úr hendi stefnda til greiðslu á verðmæti umræddra vörusendinga. Kostnaðarverð hinna upphaflegu vörusendinga nam samtals kr. 188.714.85. Stefnandi verði hins vegar að kaupa sambærilegar vörur fyrir hærra gengi nú en þá, er hann keypti þær vörur, er stefndi hafi átt að afhenda honum. Hefur stefnandi því miðað stefnufjárhæð sína við verð varanna að viðbættum gengismun.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að hann hafi ekki bakað sér neina skaðabótaskyldu, hvorki gagnvart stefnanda né öðrum vörutegundum, við brunann í Borgarskála hinn 30. ágúst 1967.

Engin geymsluskylda hvíli á stefnda. Hins vegar þyki eðlilegt, að skipafélag, sem annist flutninga á stykkjavöru, hafi eitthvert geymslurúm eða útvegi geymslurúm fyrir fluttar vörur, en þá aðeins um mjög skamman tíma, eða þann eðlilega tíma, sem það taki viðtakanda að veita vörum viðtöku. Geymsluskylda skipafélaga þekkist ekki í hinum vestræna heimi, nema því aðeins að félag hafi með sérstökum samningi tekið að sér geymslu á vörum fyrir eigendur þeirra. Stefndi hafi aldrei gert neina slíka samninga eða skuldbundið sig til geymslu á aðfluttum vörum. Hins vegar hafi þróunin orðið sú, að vörueigendur hafa látið undir höfuð leggjast að sækja vörur sínar, sem hafi þá legið í vörugeymslunum marga mánuði eða jafnvel ár eftir komu þeirra. Af þessum sökum hafi stefndi neyðzt til að láta byggja og taka á leigu vörugeymsluhús, þar sem vörur eru geymdar gegn hóflegu gjaldi, sem þó hvergi nægi til að standa straum af rekstri geymsluhúsnæðisins. Hafi stefndi haft milljón króna halla á ári af vörugeymslunum, en þó rekið þær til að greiða sem bezt fyrir viðskiptamönnum stefnda, þá nánast sem óbeðinn erindisrekstur.

Þrátt fyrir þennan mikla halla á rekstri vörugeymslanna hafi stefndi ekkert til sparað til geymslu og öryggis. Umræddir skálar hafi verið byggðir samkvæmt ströngustu kröfum yfirvalda. Að tilmælum stefnda hafi farið fram rannsókn á því, hvort eldvarnir hjá stefnda væru fullnægjandi. Náði sú rannsókn einnig til Borgar-

skála. Hafi sú rannsókn verið framkvæmd af færustu hérlandum aðiljum á sviði eldvarna. Að fenginni þeirri rannsókn hafi stefndi gert allt til úrbóta, sem þurfa þótti, og jafnvel gert betur í því efni en óskað var. Einnig hafði stefndi sérstakan vaktmann í Borgarskála sem öðrum vörugeymslum sínum, sem fór um allt svæðið á reglulegum fresti til athugunar á, að allt væri í lagi. Þá hafi stefndi sjálfur átt vörur og tæki að verðmæti kr. 1.800.000.00 í skála þeim, sem brann. Stefndi fullnægði því öllum skyldum geymslumanns og verði hann á engan hátt sakaður um vanrækslu í því efni, enda leiddi rannsókn eigi í ljós upptök elds eða orsakir eldsvoðans.

Á hinn bóginn hafi stefndi undanþegið sig ábyrgð á vörum, sem í vörugeymslum hans liggja. Þegar eftir komudag skips, sem vörur flytja, sé vörumóttakendum sent afrit af farmskírteini og reikningur yfir flutningsgjald og áfallinn kostnað. Reikningurinn sé jafnframt tilkynning og stimplað á hann, í hvaða vöruskála vörurnar hafi verið fluttar. Á reikningi þessum sé skráð skýru lettri: „Vegna hagsmuna yðar og Eimskipafélagsins leggjum við ríka áherzlu á, að þér sækid hið allra fyrsta vörur þær, sem greindar eru á ofanskráðu farmskrárrn., sem er hið sama og á farmskírteini yðar. Er hvort tveggja, að löng geymsla á vörunum skapar yður tilfinnanlegan kostnað og aukna áhættu, og hitt, að geymsla varanna hjá okkur er margvíslegum erfiðleikum bundin vegna þrengsla. Í þessu efni er þeirri áskorun beint til yðar:

- 1) Að þér kynnid yður rækilega skilmála farmskírteinisins, sem marka réttarstöðu Eimskipafélagsins gagnvart yður, og er í því efni sérstök athygli vakin á ákvæðum 11. gr. a—i. Áskilur Eimskipafélagið sér rétt til að senda, án fyrirvara, nýja tilkynningu um leiðrétt flutningsgjöld og eftirkröfu.
- 2) Pakkhúsleigan reiknast fyrir vörusendingu, sem ekki hefur verið vitjað 15 dögum eftir komudag til Reykjavíkur. Sérstök athygli skal vakin á því, að við berum ekki ábyrgð á vörum, sem liggja í vörugeymslum félagsins, og eru þær geymdar þar að öllu leyti á ábyrgð vörueigenda, þannig að félagið getur ekki bætt fyrir skemmdir af völdum frosts, bruna, rýrnunar eða hvers konar annars tjóns, sem fyrir kann að koma.

Skal vörueigendum því bent á að tryggja vörur sínar gegn hvers konar tjóni, sem hægt er að tryggja gegn, einkum að brunatryggja vörurnar, með því að við váttryggjum ekki vörur, sem liggja í vörugeymslum okkar, og sjótrygging var-

anna fellur jafnan úr gildi, strax þegar vörurnar hafa verið affermdar“.

Fyrirtæki stefnanda er samkvæmt Viðskiptaskránni stofnað árið 1919. Á þeim árum, sem það hefur starfað, hefur það flutt inn mörg hundruð eða jafnvel mörg þúsund sendingar með skipum stefnda. Á árinu 1966 hafi stefnandi flutt inn á þann hátt 48 sendingar og á fyrra hluta ársins 1967 31 sendingu. Stefnanda hafi jafnan tafarlaust verið sendar tilkynningar þær, sem greindar eru að framan. Þær tilkynningar hafi um langt árabil einnig verið auglýstar hvað eftir annað, bæði í blöðum og útvarpi. Margnefndar tilkynningar, áskoranir og upplýsingar séu svo áberandi skýrar og afdráttarlausar og öllum þeim, sem atvinnu hafa af vörusölu og innflutningi, hafi verið kunnugt um efni þeirra, þar á meðal stefnanda, sem notið hefur vörugeymslu stefnda í svo ríkum mæli. Var stefnda og heimilt lögum samkvæmt að undanþiggja sig ábyrgð á geymslu þeirra vara, sem í vörugeymslum hans eru.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum, að stefnandi hafi sýnt af sér svo verulega handvömm með því að tryggja ekki vörur sínar, að hann verði að bera mestan hluta af tjóni sínu sjálfur. Er því og mótmælt, að stefnandi geti hækkað vörur sínar frá kaupverði þeirra um gengislækkun þá, sem orðið hefur. Þá beri og að draga frá stefnukröfunni skuld stefnanda við stefnda vegna kostnaðar, sem á vörurnar er kominn.

Stefndi hefur haldið því fram, að vörur þær, sem í máli þessu greinir, hafi verið geymdar í skálum þeim, sem brunnu, og þar af leiðandi orðið eldinum að bráð. Þessum staðhæfingum stefnda hefur stefnandi í engu hnekk. Verður því að leggja til grundvallar dómi í málinu, að umræddar vörur stefnanda hafi farizt í eldsvoðanum.

Svo sem fram kemur af gögnum málsins, þá annast stefndi geymslu á vörum þeirra aðilja, er hann flytur vörur fyrir til landsins, og tekur fyrir þá þjónustu sérstakt gjald. Engin tíma-mörk eru af hans hálfu sett um þá geymslu. Ber því að telja stefnda bera skyldur geymslumannsins gagnvart eigendum varanna.

Stefnandi hefur viðurkennt, að hann hafi jafnan, þá er stefndi hafi flutt vörur fyrir hann, fengið tilkynningu um komu þeirra á þann hátt, er segir hér að framan, og með því efni, er þar er rakið. Það er upplýst í málinu, að stefnandi hefur um margra ára skeið flutt inn vörur með skipum stefnda, sum árin meira og

sum árin minna, og hafi þær vörur verið í geymslum stefnda mismunandi langan tíma hverju sinni.

Telja verður, að svo áberandi sé bent á það í umræddri tilkynningu, að stefndi undanþiggi sig ábyrgð á vörum þeim, sem í geymslum hans liggja, og að þær séu þar geymdar að öllu leyti á ábyrgð vörueigenda, að stefnandi, sem rekur allnokkur innflutningsviðskipti, sé bundinn við þann fyrirvara, enda verður hann ekki talinn óeðlilegur.

Þær aðrar málsástæður stefnanda, sem hann hefur haft uppi í málinu til stuðnings kröfum sínum, verða ekki taldar víkja til hliðar umræddum fyrirvara.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Vilhjálmi Jónssyni forstjóra og Guðmundi Björnssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Efnagerðar Reykjavíkur h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 2. júní 1969.

Nr. 184/1968. **Ingvar S. Ingvarsson f. h.**

Ingvars Jóns Ingvarssonar og

Sigurlaug M. Jónsdóttir

gegn

Óla J. Sigmundssyni persónulega og

f. h. Timburverzlunarinnar Bjarkar.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjendur, Ingvar S. Ingvarsson f. h. Ingvars Jóns Ingvarssonar og Sigurlaug M. Jónsdóttir, er eigi sækja dómþing í